



Alþýðusamband Íslands

Ávarp forseta ASÍ á 28. þingi Sjómannasambands Íslands

Formaður, gestir og ágætu þingfulltrúar

Þið haldið nú sjómannaþing ykkar við mjög sérstakar aðstæður í ykkar kjaramálum. Það er trúlega einsdæmi í sögu okkar að eitt af aðildarsamtökum Alþýðusambandsins heldur sitt þriðja þing án þess að tekist hafi að gera kjarasamninga við atvinnurekendur vegna deilna þeirra við stjórnvöld um áherslur á nýtingu þessarar mikilvægu auðlindar. Eftir því sem á þessa deilu hefur liðið, sérstaklega með hvaða hætti atvinnurekendur hafa aftur og aftur tekið gerð kjarasamninga, ekki bara ykkar sjómanna heldur nánast alla kjarasamninga í landinu, í gíslingu er það mín skoðun að hér hafi samtök atvinnurekenda farið offari. Í raun má halda því fram með rökum, að bæði LÍÚ og SA hafi með þessu sett íslenska samningakerfið í sjálfheldu og þar af leiðandi í mikla hættu. Fyrirkomulag kjarasamninga á Íslandi er líkt og á hinum Norðurlöndunum með þeim hætti, að samningaaðilum vinnumarkaðar er falið það hlutverk að semja um kaup og kjör á vinnumarkaði. Þessu hlutverki fylgir mikil ábyrgð og hún felst í því að þrátt fyrir ágreining og erfiðar deilur verðum við einfaldlega að finna leiðir annað hvort við samningaborðið eða eftir þeim leikreglum sem við höfum sett okkur. Um þetta hlutverk okkar var árið 1938 settur ákveðin rammi – sem við köllum gjarnan stjórnarskrá samningakerfisins – með setningu laga um vinnulöggjöfina. Var það m.a. samkomulag milli ASÍ og samtaka atvinnurekenda eftir margra áratuga harðra átaka á vinnumarkaði. Framganga útgerðarmanna á síðasta ári, þegar við sátum að gerð kjarasamninga fyrir nánast allan vinnumarkaðinn, fór nokkuð nærri því að framkalla allsherjarverkfall á Íslandi sem ekki hefur gerst í meira en þrjátíu ár!

Það er mín skoðun að stjórn LÍÚ hafi með félagslegum aðgerðum sínum á Austurvelli brotið gegn því ákvæði Vinnulöggjafarinnar að óheimilt sé að beita ríkisstjórn og Alþingi þrýstingi með slíkum aðgerðum. Tel ég reyndar óhjákvæmilegt annað en að láta á það reyna fyrir Félagsdómi hvort svo hafi verið, en lögfræðideild sambandsins vinnur að því að skoða það mál. Það síðasta sem þið hafið mátt þola í þessari deilu útgerðarmanna við ríkisstjórn er hótun um verkþann, þar sem þeir krefjast þess að þið takið að ykkur að greiða fyrir þá þann auðlindaskatt sem þjóðin hefur lengi krafist að greiddur yrði fyrir afnotin af þessari sameiginlegu auðlind okkar. Það er mín skoðun, að ef til slíkra átaka komi sé afar líklegt að þau muni breiðast út og valda miklu alvarlegri deilum og átökum á vinnumarkaði en menn halda.

En ágætu félagar. Ég dáist að langlundargeði ykkar og ró, þó það komi mér ekki á óvart vitandi af veiðimannaæðli ykkar og langri reynslu af að bíða átekt þar til líkur eru meiri á því að hann gefi. Þegar þar að kemur er það líka þáttur í eðli ykkar að taka sameiginlega á árinni og er þetta ykkar styrkur og máttur. Auðvitað hefur hátt fiskverð og veik staða krónunnar gert það að verkum að kjör ykkar manna eru nú betri

en þau hafa verið um langt skeið, en ýmsar blikur eru á lofti ef ekki fer að rofa til í efnahagsástandi bæði vestanhafs og austan.

Ég vil einnig nota tækifærið og óska ykkur ásamt vélstjórum og skipstjórnarmönnum innilega til tilhamingju með þann mikla árangur sem þið náðuð við gerð kjarasamnings við útgerðarmenn smábáta. Þó það sé ekki endilega hluti okkar stefnumörkunar að færa útgerðarhætti landsmanna aftur til upphafs síðustu aldar með útgerð lítilla opinna smábáta – með lakari aðbúnaði og öryggi okkar félaga – skiptir það engu að síður miklu máli að þessi útgerðarháttur fari fram á grundvelli kjarasamninga og réttinda sjómanna. Annað er ekki ásættanlegt og tel ég þetta því meðal stóru sigrana innan okkar hreyfingar á síðustu árum og þarna sýnduð þið að með samtakamætti og þolinmæði má sigrast á óréttlætinu á endanum!

Kæru félagar. Þrátt fyrir að veik staða krónunnar hafi skilað sér til ykkar félaga um stunda sakir er einnig alveg ljóst að þeir sitja í sama báti og við hin þegar kemur að áhrifum krónunnar á verðlag og vexti. Því veit ég að þetta er ykkur jafn mikið áhyggjuefni og okkur hinum. Kjarasamningar aðildarsamtaka Alpýðusambandsins við SA – að ykkur undanskildum þar sem ekki hefur tekist að gera neinn kjarasamning ennþá – eru nú í uppnámi vegna veikrar stöðu krónunnar og áhrifa hennar á verðbólgu og vexti. Þó kaupmáttur launa sé að aukast gerist það ekki jafnt heldur á grundvelli launaskriðs tiltölulega fárra, einkum í fjármálageiranum, og því lítt á því að byggja. Hreyfingin er um það bil að hefja vinnu við endurskoðun kjarasamninga þannig að ótímabært er að segja til um niðurstöðuna, en ég tel mig finna fyrir því að óþreyja fer vaxandi og langlundargeð okkar félagsmanna gagnvart stjórnvöldum vegna viðvarandi verðbólguþrýstings og hárra vaxta fer hratt minnkandi. Því tel ég það óhjákvæmilegt að endurskoðun kjarasamninga verði að fela í sér nýtt og endurnýjað samkomulag milli stjórnmalanna og aðila vinnumarkaðarins um stöðu okkar gjaldmiðils með upptöku fastgengisstefnu á grundvelli takmarkanna á fjármagnshreyfingum þannig að hægt verði að lækka bæði verðbólgu og vexti. Takist þetta ekki verðum við að sinna okkar hlutverki í þessari vitlausu hringrás og standa vörð um eðlilegt launahlutfall í landinu!

Góðir félagar, ég óska ykkur velfarnaðar í störfum þingsins og hlakka til að sjá afrakstur vinnu ykkar og umræðu.

Takk